

Tvær umsagnir bárust, frá Borgarperlum ehf. og Samtökum fyrirtækja í fjármálaþjónustu. Umsögn Borgarperluna ehf. var ekki talin kalla á breytingar á áformunum. Í umsögn Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu er vakin athygli á áhrifum sem innleiðing reglugerðar (ESB) 2024/1623 getur haft á eiginfjárkröfur vegna húsnæðis- og framkvæmdalána. Ábendingarnar lúta að ákvæðum í reglugerðinni sem fela aðildarríkjum ekki svigrúm við innleiðingu, en Íslandi ber skv. a-lið 7. gr. EES-samningsins að taka EES-reglugerðir upp í landsrétt í heild sinni. Athugasemdirnar þóttu því ekki kalla á breytingar á áformum um innleiðingu reglugerðarinnar, en gert er ráð fyrir því að tekið verði mið af þeim í áhrifamati með frumvarpi um innleiðingu reglugerðarinnar.

Í áformaskjalinu kemur fram að áformað hafi verið að lög um innleiðingu reglugerðarinnar tækju gildi í byrjun árs 2025. Í ljósi boðaðra kosninga í lok nóvember mun það ekki ganga eftir, en áformað er að leggja fram frumvarp um innleiðingu reglugerðarinnar fyrir Alþingi sem fyrst á nýju ári.